

Reglur um fjárstyrk til greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum

1. gr. Gildissvið

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum, sem er sameiginleg nefnd þriggja sveitarfélaga, Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps, er heimilt að veita foreldrum, eða öðrum forsjáraðilum, og barni 15 ára og eldra, sem er aðili máls, fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar vegna málsmeðferðar fyrir nefndinni, áður en kveðinn er upp úrskurður, sbr. 2. mgr., sbr. 1. mgr., 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Nefndinni er jafnframt heimilt að veita málsaðilum fjárstyrk til greiðslu lögmannskostnaðar fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Aðeins er veittur fjárstyrkur þegar til greina kemur að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum nefndarinnar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns að hálfu starfsmanns.

2. gr. Skilyrði

Fjárstyrkur til greiðslu lögmannskostnaðar er háður því að lögmaður hafi réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi, Landsrétti eða Hæstarétti, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmennt.

3. gr. Réttindi málsaðila

Foreldrar eða aðrir forsjáraðilar barna velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem náð hefur 15 ára aldri og er aðili máls sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

4. gr. Umsóknarferli

Beiðni um fjárstyrk skal vera skrifleg og undirrituð á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Með beiðni skulu fylgja upplýsingar um eignir og tekjur styrkbeiðanda, s.s. staðfest ljósrit af síðasta skattframtali, afrit af álagningarseðli, yfirlit yfir tekjur viðkomandi, staðgreiðsluyfirlit og önnur þau gögn er barnaverndarnefnd kann að kalla eftir. Jafnframt skal fylgja sundurliðuð tímaskýrsla lögmanns.

Nefndinni er heimilt að veita styrk þegar efnahag styrkbeiðanda er þannig hátt að kostnaður af gæslu hagsmuna hans yrði honum fyrirsjáanlega ofviða. Að jafnaði skal ekki veita styrk ef stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjur styrkbeiðanda nema hærri fjárhæð en kr.4.000.000* á ári. Sé styrkbeiðandi í hjúskap eða sambúð ber að hafa hliðsjón af tekjum maka og skulu samanlagðar árstekjur ekki nema hærri upphæð en kr. 6.500.000* á ári.

Þó er heimilt að veita styrk þótt tekjur séu umfram framangreindar viðmiðunarfjárhæðir í sérstökum undantekningartilfellum, t.d. ef mál er sérstaklega umfangsmikið og flókið, framfærslukostnaður styrkbeiðanda er óvenjulega hár af einhverjum ástæðum, aflahæfi hans

eða maka eða sambúðaraðila er verulega skert til frambúðar eða aðrar knýjandi ástæður mæla með því. Fjárhæð styrks skal metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins og skal tekið tillit til efnahags styrkbeiðanda samkvæmt framangreindu þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin.

Viðmiðunargjald vegna fjárstyrks miðast við ákveðna fjárhæð á hverja unna klukkustund lögmanns og er ákveðið í samræmi við viðmiðunarreglur dómstólasýslunnar, sbr. 9. gr. reglna þessara.

Að jafnaði skal ekki veittur fjárstyrkur til greiðslu fleiri en 15 klst. vegna meðferðar máls fyrir barnaverndarnefnd og 10 klst. vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.

5. gr. Upplýsingaskylda

Reglur þessar skulu kynntar forsjáraðilum barns af starfsmanni barnaverndar ef mál þeirra sæta meðferð barnaverndarnefndar, og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá sbr. 40. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

6. gr. Kæruheimildir

Ákvörðun um fjárhæð styrks er kærleg til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga 80/2002.

7. gr. Kostnaðarskipting

Hvert sveitarfélag skal greiða kostnað sem hlýst af reglum þessum í hlutfalli við íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi.

8. gr. Viðmiðunarfjárhæðir

Fjárhæð tímagjalds er í samræmi 3. tl. 1. gr. leiðbeinandi reglna dómstólasýslunnar nr. 2/2020, um málsvarnarlaun eða þóknun til verjanda og þóknun til réttargæslumanna o.fl.

Þann 1. desember 2020 er tímagjald þetta kr. 18.500 pr. klst. Fjárhæð tímagjaldsins uppfærast í samræmi við fyrrgreindar reglur. Við gjaldið er bætt við virðisaukaskatti í samræmi við fyrrgreindar reglur dómstóla.

9. gr. Ferðakostnaður lögmannna

Ef lögmaður aðila máls þarf að ferðast lengur en hálf klukkustund vegna starfa sinna skal tekið tillit til þess við greiðslu styrks í samræmi við 6. gr. v leiðbeinandi reglna dómstólasýslunnar nr. 2/2020, um málsvarnarlaun eða þóknun til verjanda og þóknun til réttargæslumanna o.fl.

10. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og öðlast gildi við staðfestingu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, bæjarstjórnar Bolungarvíkurkaupstaðar og sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps. Jafnframt falla úr gildi eldri reglur, samþykktar 2003.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 17.12.20, bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar þann 1. mars 2021 og sveitarstjórn Súðavíkurhrepps þann 1. mars 2021.

f.h. Bolungarvíkurkaupstaðar

f.h. Ísafjarðarbæjar

f.h. Súðavíkurhrepps

Jón Páll Hreinsson

Birgir Gunnarsson

Bragi Þór Thoroddsen

*Tekjuviðmið er í samræmi við örorkulífeyrisgreiðslur einstaklings hjá Tryggingarstofnun ríkisins árið 2020. Sú greiðsla samanstendur af örorkulífeyri, aldurstengdri örorkuuppbót, tekjutryggingu og heimilisuppbót auk einfalds barnslífeyris, námundað að næsta þúsundi. Margföldunarstuðull fyrir hjón/sambúðarfólk er 1,6. Viðmið þetta mun taka breytingum í takt við reglur Tryggingastofnunar ríkisins.